



# Ritver

## Menntavísindasviðs

Miðstöð þekkingar og þjónustu  
við fræðileg skrif

Viðtalsfundir

Vinnustofur

Námskeið

Málþing

Fræðsla

<http://ritver.hi.is>



HÁSKÓLI ÍSLANDS  
MENNTAVÍSINDASVIÐ

Þú mátt eiga þetta eintak

# Upphaf og markmið

---

Ritver Menntavísindasviðs var stofnað 30. nóvember árið 2009 með það að markmiði að veita stúdentum betri stuðning við fræðileg skrif og að þeir skrifuðu meira og betur um viðfangsefni sín. Frá árinu 2012 hafa stúdentar starfað sem jafningjaráðgjafar, verkefnum fjölgar stöðugt og þau eru orðin fjölbreyttari. Nú sinnir ritverið stúdentum á öllum stigum náms af flestum sviðum Háskólans.

Kjölfestan í starfi ritvers eru viðtalsfundirnir, persónuleg ráðgjöf við stúdenta með verkefni í smíðum.

## Viðtalsfundir

---

Á hverju ári eru skráðir um eitt þúsund viðtalsfundir.

Viðtalsfundur er samtal höfunda og jafningjaráðgjafa. Ritverið er til aðstoðar á öllum stigum ritunarferlisins:

- Sumir eru á byrjunarreit og ekki búnir að ákveða sig
- Sumir hafa skrifað 100 blaðsíður en eiga bara að skila 30
- Sumir eru langt komnir og eru að þæla í uppsetningu og frágangi eða vilja fara yfir nokkur atriði til öryggis

... og svo eru þeir sem koma í ritverið af því þeim finnst gott að spjalla um verk sitt við einhvern sem kann að spyrja og kemur með gagnlegar ábendingar.

### Viðtalsfundir fyrir alla:

- Stúdentar panta tíma á viðtalsfundasíðunni — og fá klukkutíma ... eða líta inn ef ráðgjafi er laus — og fá hálf tíma
- Mikið sóttir af stúdentum með lokaverkefni í smíðum

### Viðtalsfundir fyrir suma:

- Fráteknir viðtalsfundir fyrir stúdenta í ákveðnum námskeiðum, yfirleitt hálf tími í senn.
- Skipulagðir fundir eða vinnustofur í samvinnu við kennara.

# Vinnustofur og viðburðir

---

Ritverið skipuleggur vinnustofur um ákveðin verkefni í tengslum við námskeið eða vinnustofur fyrir alla um lokaverkefni.

Frá árinu 2013 hefur ritverið haldið verkefnavöku í mars að þýskri fyrirmynd (*Lange Nacht der aufgeschobenen hausarbeiten*).

## Námskeið

---

Ritver heldur á hverju misseri nokkur örnámskeið í samvinnu við bókasafn Mvs og ritver Hugvísindasviðs. Námskeiðin fjalla um gagnleg atriði sem *allir* höfundar þurfa á að halda, allt frá heimildaöflun og notkun gagnagrunna til uppsetningar verkefna og lokafrágangs. Námskeiðin eru sérstaklega miðuð við þarfir þeirra sem eru að vinna að lokaverkefnum en gagnast stúdentum á öllum stigum náms.

Allt fræðslustarf ritvers er frjálst og opið stúdentum að kostnaðarlausu en veitir ekki einingar.

## Málþing

---

Á hverju ári skipuleggur ritverið eitt eða fleiri málþing um fræðileg skrif stúdenta eða leiðsagnarhlutverk kennara. Þar hafa kennarar borið saman bækur sínar og miðlað góðum ráðum, sjá undir krækjunni *Kennarar* á heimasíðunni.

## Fræðsla á vef

---

Heimsóknir á vefi ritvers Mvs voru 60 þúsund árið 2014.

Á heimasíðu ritvers er haldið til haga hvers kyns upplýsingum um fræðileg skrif, jafnt fyrir stúdenta og kennara. Stolt ritversins er ítarlegur fræðsluvefur um meðferð heimilda samkvæmt útgáfu-reglum APA. Vefurinn er orðinn viðmið um þessar reglur á íslensku og leysir af hólmi eldri leiðbeiningar. Á heimasíðunni má finna fróðleik um ýmsa aðra þætti fræðilegra skrifa og gott krækjusafn á gagnlega vefi.



---

## Skype-fundir fyrir fjarstadda – eða símafundir

---

Ritverið kappkostar að sinna fjarnemum ekki síður en staðnemum. Viðtalsfundir fara fram gegnum Skype eða í síma og fjarnemar taka þátt í vinnustofum gegnum AdobeConnect.

---

### Hverjir leiðbeina hverjum?

---

Jafningjaráðgjafar ritvers eru flestir í framhaldsnámi. Þeir hafa tekið námskeið um *jafningjaráðgjöf og fræðileg skrif* og fengið þjálfun í að leiðbeina öðrum. Þeir þekkja námskröfur í mörgum greinum og vita til hvers kennarar ætlast í skriflegum verkefnum.

Jafningjaráðgjafar ritvers á hverju misseri eru taldir undir hlekknum *Um okkur > Starfsmenn* í veftrénu á heimasíðunni.

Stúdentar í framhaldsnámi geta pantað viðtalsfundi sérstaklega hjá starfsmanni ritvers úr hópi kennara.

---

### Velkomin í ritverið!

---



#### Ritver Menntavísindasviðs

- innst á bókasafninu í Stakkahlíð

Heimasíða: <http://ritver.hi.is>

Fésbók: <https://www.facebook.com/Ritver.Menntavísindasvids>

Skype-nafn: ritver.menntavísindasvids

Netfang: ritvermvs@hi.is

Sími: 525 5975